

Föstudaginn 13. júní 1986.

Nr. 182/1986. **Ákærvaldið**

gegn

**Jóhanni Þórssyni**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 5. þ.m. er barst Hæstarétti 6. þ.m. Hann krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi en til vara að gæsluvarðhaldið verði styt. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði. Kæra er heimil samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

**D ó m s o r ð:**

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

**Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 5. júní 1986.**

Ár 1986, fimmtudaginn 5. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í fangelsinu við Síðumúla af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess að Jóhanni Þórssyni, nnr. 5002-5225, fæddum 27. júní 1959, til heimilis að Miðbraut 18, Seltjarnarnesi, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 30. júlí nk. kl. 17:00.

Kærði hefur mótmælt gæsluvarðhaldskröfunni.

**Málavextir:**

Frá því í septembermánuði 1984 hefur RLR margsinnis fengið til meðferðar kærur á hendur kærða vegna húsbrotis og hótana í garð Laufeyjar Jóhannsdóttur, Álftamýri 15, Reykjavík, og nánustu ættingja hennar en

Laufey og kærði voru í sambúð í um það bil 4 ár þar til upp úr henni slitnaði á árinu 1984.

Áð sögn kærða á háttsemi hans rætur að rekja til þess að hann hefur ekki getað sætt sig við sambúðarlitin og enn frekar vegna þess að hann hefur ekki fengið að umgangast barn þeirra sem fætt er 15. júlí 1985.

Var kærða af þessum sökum veitt lögregluáminning samkvæmt 232. gr. almennra hegningarlaga hinn 15. janúar sl. að undangengnum kærum um ónæðisathafnir að minnsta kosti fjórum sinnum, en hún virðist litinn árangur hafa borið og er líða tók að páskum gerðust athafnir kærða ofstopafyllri en áður.

Í þágu rannsóknar málsins var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi með úrskurði sakadóms Reykjavíkur hinn 27. mars sl. til 23. apríl sl., jafnframt því að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn.

Í ályktarorðum geðheilbrigðisrannsóknarinnar, sem er dagsett 26. maí sl., segir svo meðal annars:

„Að mínu áliti er Jóhann Þórsson ekki haldinn greindarskortri, en sýnir hins vegar ýmis einkenni um formlegan geðsjúkdóm (paranoid psychosis).“

... „Framangreind einkenni virðast fyrst og fremst einkennast af ofsóknarkenndum ranghugmyndum sem verða að líkindum mest áberandi þegar Jóhann mætir mótlæti og finnst þá að hann verði fyrir ranglátri meðferð.“

...

„Ég tel að umræddur geðsjúkdómur hafi skert raunveruleikamat og dómgreind Jóhanns en auk þess eru óstöðug og óvænt tilfinningaviðbrögð oft samfara þessum sjúkdómi, sem getur haft í för með sér skerta sjálfsstjórn.“

Af framanskráðu og með tilvísan til 15. og 18. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 tel ég að sakhæfi Jóhanns Þórssonar sé skert og ennfremur að refsing muni ekki bera árangur í þessu tilviki. Ég tel ennfremur að Jóhann þurfi á geðlæknismeðferð að halda, að líkindum til lengri tíma.

Batahorfur eru óljósar, en fara meðal annars eftir því hvort Jóhann treystir sér til að taka reglubundinni meðferð, þar með talin lyfjameðferð, en ekki síður hvort honum tekst að koma aftur undir sig fótunum, það er í atvinnulífi, fjárhagslega og í tilfinningasamböndum.“

Kærði var látinn laus úr gæsluvarðhaldi hinn 21. apríl sl. Virðist svo sem hann hafi um hríð látið af þeim athöfnum sem hann sætti gæsluvarðhaldi fyrir en hinn 5. maí sl. veittist hann að fyrrverandi sambýliskonu sinni á vinnustað hennar.

Hinn 2. þessa mánaðar kom kærði aftur á sama vinnustað en þá hafði fyrrum sambýliskonu hans verið gert aðvart um að hann væri á leiðinni þangað, en hann hafði þá verið í dómsmálaráðuneytinu þar sem honum hafði verið tilkynnt að hann fengi ekki að sjá barn sitt næstu 6 mánuðina.

Eins og niðurstöður gedheilbrigðisrannsóknar gefa til kynna á ákærði við veruleg gedræn vandamál að stríða og vafasamt hvort refsing muni bera tilætlaðan árangur. Augljóst er að kærði þarf á áframhaldandi gedlæknisfræðilegri meðferð að halda.

Á hinn bóginn ber að líta til þess, að framferði kærða svo skömmu eftir að hann var laus úr gæsluvarðhaldi bendir eindregið til þess að hann hyggist ekki láta af athöfnum sínum í garð barnsmóður sinnar og nánustu ættingja hennar, einkanlega eftir að dómsmálaráðuneytið hefur tilkynnt honum að hann fái ekki að njóta umgangsréttar við dóttur sína næstu 6 mánuði.

Rannsókn kærumála á hendur kærða er nú lokið af hálfu RLR og munu þau á næstu dögum verða send ríkissaksóknara til fyrirsagnar.

Með skírskotunar til þess sem að framan greinir þykir verða að telja að skilyrðum 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 séu fyrir hendi og því beri að úrskurða að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 9. júlí nk. kl. 17:00.

Brot þau sem kærði er hér sakaður um geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 217., 232., 233. og 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Jóhann Þórsson, sæti gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 9. júlí 1986 kl. 17:00.

---